

## Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um fiskmarkaði og hvalveiðar.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvernig metur ráðherra þau viðbrögð sem fram hafa komið eftir ákvörðun um endurupptöku hvalveiða, annars vegar frá fulltrúum fiskseljenda á mörkuðum erlendis og hins vegar af opinberri hálfu?
2. Hvern telur ráðherra ásættanlegan skaða við afurðasölu á erlendum markaði áður en breytt verði ákvörðun um endurupptöku hvalveiða?
3. Hyggst ráðherra hafa uppi áróðursviðbúnað til að slá á neikvæð viðbrögð vegna hvalveiðanna á mörkuðum – og ef svo er, hvað telur ráðherra hæfilegt að verja miklu fé til slíks áróðurs?

Skriflegt svar óskast.